

## Aðalfundur Foreldrafélags Árskóla 30. maí 2012

- ° Sigríður Margrét formaður setur fundinn og tilnefni Kára Árnason sem fundarstjóra og Huldu B. Jónsdóttur sem fundarritara og er það samþykkt.
- ° Sigríður Margrét flytur skýrslu stjórnar. (Sjá blað í fundargerðarbók).
- ° Þá fór Kári yfir ársreikningana í fjarveru Lilju, gjaldkera félagsins. (Sjá ársreikninga í fundargerðarbók).
- ° Næst var kosning nýrrar stjórnar. Úr stjórn eru að fara: Hulda Björg Jónsdóttir ritari og Ásta Einarsdóttir meðstjórnandi. Inn koma í staðinn Ragnheiður Rögnvaldsdóttir og Steinunn Lárusdóttir.
- ° Kosning í skólaráð fór fram, úr skólaráði fer Hulda B. Jónsdóttir og inn fyrir hana sem fulltrúi foreldrafélagsins fer Lilja Sigurðardóttir. Úr skólaráði fer líka Steinunn V. Jónsdóttir og inn fyrir hana var kosin Guðrún Sighvatsdóttir.
- ° Næst á dagskrá voru lagabreytingar og kynnti Sigríður þær. Lagði hún til að breyting yrði gerð á 6. Grein laga félagsins á þann veg að í staðinn fyrir :
  - **Bekkjarfulltrúar starfa á vegum foreldrafélagsins sem setur þeim starfsreglur. Bekkjarfulltrúar eru skipaðir til eins árs í senn. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og barna innan hvernar bekkjardeildar með samstarfi við umsjónarkennara.**  
**Stjórn foreldrafélagsins fundar með tengiliðum tvisvar á ári í september og janúar.**

Verði 6. Grein á þennan hátt:

- **Bekkjarfulltrúar starfa á vegum foreldrafélagsins sem setur þeim starfsreglur. Bekkjarfulltrúar eru skipaðir til eins árs í senn. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og barna innan hvernar bekkjardeildar með samstarfi við umsjónarkennara.**  
**Stjórn foreldrafélags heldur kynningarfund með tengiliðum einu sinni á ári í upphafi skólaárs. Ætlast er til að tengiliðir mæti á fundinn.**

Einnig lagði Sigríður til að árgjald félagsins verði hækkað úr 1500 kr. í 2000 kr. og samþykkti fundurinn báðar þessar tillögur.

- ° Síðust á dagskrá voru önnur mál og undir þann lið féll kynning Margrétar Árnadóttur Náms- og starfsráðgjafa skólans á Easy-Tutor forritinu. Foreldrafélagið studdi við kaup á þessu forriti en það er ætlað til hjálpar nemendum sem glíma við lestrarörðugleika og mun koma til notkunar að fullum krafti næsta skólaár. Að lokum fékk Óskar skólastjóri orðið, hann þakkaði fráfarandi stjórn vel unnin störf og lýsti ánægju sinni með Easy-Tutor forritið og sagði þátttöku foreldrafélagsins í því máli til fyrirmyndar.
- ° Fleira ekki gert og fundi slitið.